

2. nóvember 2017

Fundur nr. 11 á árinu 2017 í aðalstjórn Vestra, haldinn kl.17:00 í sal á efri hæðinni í Vestra húsinu.

Mættir eru: Hjalti Karlsson, Gísli Jón Hjaltason, Guðni Guðnason, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Pétur Markan og Jóna Lind Kristjánsdóttir

Gengið til dagskrár:

1. Finna fastan fundardag, gera könnun meðal stjórnarmeðlima hvaða dagar henta best.
2. Körfuknattleiksdeildin lagði fram beiðni um að nota Vestramerkið á töskur sem þeir hyggjast kaupa fyrir meistaraflokk. Erindið samþykkt. Öll notkun á Vestra merkinu þarf að bera undir stjórn. Einnig var rædd hugmynd sem kom fram frá Birnu Lárusdóttur um sölu á náttfötum með Vestramerkinu, hugsað sem fáröflun fyrir allar deildir.
3. Vallarhúsið. Ísafjarðarbær hefur falið Vestra umsjón með húsnæðinu og endurbætur á því. Rætt var um að best væri að skipa húsnefnd sem skipulegði framkvæmdir, fjármögnun og hlutverk hússins í samráði við stjórn. Hvaða framtíðarsýn höfum við um húsnæðið? Húsnefnd gæti verið 3-5 manns og óskað eftir tilnefningum frá deildum.
4. Torfnæs – Skipulagsstofnun
Ein athugasemd barst vegna byggingar knattspyrnuhúss á Torfnesi sem skipulagsnefnd Ísafjarðarbæjar tók tillit til og í kjölfarið þarf að gera breytingar á aðalskipulagi þar sem ekki er gert ráð fyrir húsi af þessari stærð á svæðinu.
5. Fjármál deilda
Allar deildir þurfa að skila inn uppgjöri til bókfærslu og endurskoðunar. Töluverð óreiða var á bókhaldi síðasta tímabils sem leiddi til aukakostnaðar. Gert er ráð fyrir að bókhaldið sé betra fyrir þetta tímabil. Kostnaður sem greiddur er af fjármagni stjórnar.
6. Rekstur stjórnar
Rætt um hvaða tekjur koma inn og nýja tekjumöguleika. Fæðingarstyrkur Vestar hf., Tippleikur/Lottótekjur. Selja auglýsingu á bakið á æfingargöllunum. Pétur Markan kannar möguleika á auglýsingu frá Vesturverk, helst 3ja ára samstarf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.18:00

Fundargerð ritaði Jóna Lind